

---

# Starfsáætlun Álfhóls frístund Álfhólsskóla

---

2022-2023



Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026

[alfholl@kopavogur.is](mailto:alfholl@kopavogur.is)

[unabirna@kopavogur.is](mailto:unabirna@kopavogur.is)  
[andri.helgason@kopavogur.is](mailto:andri.helgason@kopavogur.is)

## Efnisyfirlit

|                                             |    |
|---------------------------------------------|----|
| <b>Hagnýtar upplýsingar</b>                 | 3  |
| <b>Gjaldskrá og innheimta</b>               | 4  |
| <b>Starfsemi</b>                            | 4  |
| Hópastarf og val                            | 5  |
| Fræðilegur bakrunnur                        | 6  |
| Starfsmenn                                  | 6  |
| Síðdegiskaffi                               | 7  |
| Foreldrasamstarf                            | 7  |
| <b>Skólabragur/reglur</b>                   | 7  |
| Einelti                                     | 8  |
| Innra mat                                   | 8  |
| Barnaráð                                    | 8  |
| <b>Öryggi og verkferlar</b>                 | 9  |
| 1. Fyrirkomulag inn- og útskráning barna    | 9  |
| 2. Barn mætir ekki                          | 9  |
| 3. Barn týnist                              | 9  |
| 4. Á ferð með börnum                        | 9  |
| 5. Að fara í íþróttarútu                    | 10 |
| 6. Alvarleg slys                            | 10 |
| 7. Smávægilegir áverkar                     | 10 |
| 8. Viðbrögð við vá                          | 10 |
| <b>Listi yfir frístundaleiðbeinendur</b>    | 10 |
| Símentunaráætlun                            | 11 |
| Aukin þjónusta                              | 11 |
| <b>Skipulagsdagar</b>                       | 12 |
| Yfirlit yfir langa og lokaða daga 2022-2023 | 12 |

## Hagnýtar upplýsingar

Frístundaheimilið Álfhóll/Álfasteinn er fyrir börn í 1.-4. bekk í Álfhólsskóla. Á skólaárinu 2022-2023 eru samtals 144 börn skráð í frístun; 52 börn í 1.bekk, 39 börn í 2. bekk, 42 börn í 3.bekk og 11 börn í 4.bekk.

1.-2. bekkur er staðsettur í austurálm skólans í Digranesi í sérrými og er 3.-4. bekkur staðsettur í Álfasteini í Digranesi þar sem gengið er inn á norðurhlið. Álfhóll hefur að auki aðgang að matsal skólans fyrir starfsemi sína og stundum íþróttasal HK. Álfhóll opnar þegar skóla lýkur kl. 13:20 og er opin til kl. 17:00. Umsóknir í frístund fara fram í gegnum skráningarkerfi sem heitir „Vala“. Ef börn eru veik eða í leyfi út skóladaginn nægir að láta skólaritara vita um morguninn. Ef barn fer heim á miðjum skóladegi eða er í leyfi einungis í frístund en ekki á skólatíma skal tilkynna það til Álfhóls fyrir kl 12:30 í síma 441-3851 eða senda póst á [alfholl@kopavogur.is](mailto:alfholl@kopavogur.is). Einnig skal það tilkynnt til Álfhóls ef breyting verður á því hver sækir barnið og/eða ef barnið má fara heim með öðrum. Foreldrar eru beðnir að hringja ekki í síma 441-3851 milli kl. 12:30 – 17:00 nema nauðsyn krefji.

Við skráningu barns í Álfhól er merkt inn hvort barnið megi sjálfft ganga heim eða hvort það verði sótt. Nauðsynlegt er að virða það sem þið hafið sett fram, ef það þarf að skrá breytingu þarf að senda inn breytingabeiðni í gegnum Völu. Ef til þess kemur að breyta þurfi fyrirkomulagi samdægurs er mikilvægt að koma skilaboðum til forstöðumanns með símtali á símatíma eða senda tölvupóst, fyrir kl. 12:30. **Sé póstur sendur eftir kl. 12:30 er ekki víst að boðin komist til skila.** Einnig viljum við biðja foreldra að virða skráðan vistunartíma og bendum einnig á að Álfhóll lokar kl. 17.00. Þegar börnin eru sótt er afar mikilvægt að finna næsta starfsmann og láta vita svo hægt sé að merkja börnin út.

Ef hafa skal samband við forstöðumann skal hringja í síma 441-3851 milli 09:00-12:30, einnig má senda tölvupóst á netfangið [unabirna@kopavogur.is](mailto:unabirna@kopavogur.is) eða á aðstoðarforstöðumann [andri.helgason@kopavogur.is](mailto:andri.helgason@kopavogur.is). Á milli klukkan 13:20-17:00 er símanúmer fyrir Álfhól (1.-2. Bekkur) 863-6819 og fyrir Álfastein (3.-4. Bekkur) 621-4189.

## Gjaldskrá og innheimta

Hægt er að skoða gjaldskrá Kópavogar inná <https://www.kopavogur.is/is/gjaldskra>. Þar er hægt að sjá matargjöld, gjöld fyrir dvöl og afslætti fyrir einstæða foreldra, námsmenn og öryrkja ásamt fleiru.

Innheimta dvalar- og matargjalda fyrir frístund og fæðisgjald fyrir hádegismat fer fram hjá innheimtudeild Kópavogsbæjar. Innheimta fer fram samkvæmt innheimtureglum Kópavogsbæjar. Skóli kemur óformlega að innheimtu eins og hér segir og sér um að segja upp vist/áskrift ef ekki er gengið frá greiðslu eftir ákveðinn tíma.

- **1. hvers mánaðar** er gjalddagi. Gjöld í frístund eru innheimt fyrirfram.
- **10. hvers mánaðar** er eindagi.
- **12. hvers mánaðar** sendir innheimtudeild út stöðu vanskila. Skal skóli veita óformlega áminningu hafi skuld ekki verið greidd (t.d. símtal eða tölvupóstur) áður en formlegt ferli af hálfu bæjarins fer af stað.
- **20. hvers mánaðar** hefst formlegt ferli af hálfu bæjarins, þá er send áminning frá bankanum til þeirra sem ekki hafa greitt.
- **10. næsta mánaðar** fer krafa í milliinnheimtu til Inkasso hafi skuld ekki verið greidd og er þá úr höndum bæjarins. Sjá nánar ferli mála í milliinnheimtu og löginheimtu í innheimtureglum Kópavogsbæjar.
- Ef skuld hefur ekki verið greidd **að tveimur mánuðum liðnum** skal skólinn segja vist barns/mataráskrift upp frá og með næstu mánaðarmótum þar á eftir.

## Starfsemi

Álhóll opnar þegar kennslu lýkur klukkan 13:20 alla daga. 1. og 2. bekkur byrja í síðdegishressingu þar sem reynt er að bjóða uppá fjölbreytt nesti. Á meðan fara 3. og 4. bekkur fyrst í Álfastein þar til 1. og 2. bekkur klára matartímann sinn. Eftir að þau klára síðdegishressingu fara allir út í útiveru og er lengd útiveru metin daglega eftir veðri. Þegar 1. og 2. bekkur koma inn hengja þau af sér og velja sér val sem er í boði á valtöflunni. Á sumum dögum er hópastarf í boði sem þau geta einnig valið að fara í frjálst val. 3. og 4. bekkur fara í frjálst val, á sumum dögum er einnig hópastarf í boði fyrir þau.

Í Álfhól bjóðum við uppá fjölbreytt og skemmtilegt frístundastarf eftir að skóladegi lýkur. Lögð er áhersla á að börnin hafi stað til að vaxa og dafna í umhverfi sem einkennist af góðum anda, virðingu, öryggi, umhyggju, lýðræði og sjálfsefningu. Við hvetjum börnin til þess að hafa áhrif á umhverfið og láta í sér heyra með sínar skoðanir og ábendingar.

Frístundaheimilið er staður fyrir börnin þar sem þeim á að líða vel og hafa gaman af. Einnig er lögð mikil áhersla á að efla félagsfærni barnanna. Við leiðbeinum þeim í samskiptum í gegnum leik og starf. Markmið Álfhóls/Álfasteins er að stuðla að óformlegri menntun um þætti er varða lífið og tilveruna, styrkja börnin félagslega, bjóða nemendum upp á faglegt og skemmtilegt starf í frítíma þeirra og kenna börnunum að stjórna frítíma sínum sjálf innan ákveðins ramma.

### Hópastarf og val

Boðið er uppá hópastarf sem haldið er utan um af starfsmönnum Álfhóls. Í boði eru hópar líkt og fótboltaklúbbur og myndlistaklúbbur og eru fleiri klúbbar eru væntanlegir. Einnig er kennd skák og kór á tíma frístundarinnar. Rík áhersla er lögð á val og er valtafla fyrir 1.-2. bekkjar starfið. Á valtöflunni eru ákveðin viðfangsefni sett upp í upphafi hvers dags og eru þau mismunandi eftir dögum. Hugsunin á bakvið valtöfluna er til þess að hafa yfirsýn með 1.-2. bekk og kenna þeim að dvelja við verkefni sem þau hafa valið í einhverja stund. Á hverjum degi hafa börnin val um nokkra hluti til að gera yfir daginn. Dæmi um val á töflunni er teikna, fótboltaspil, vinaarmbönd, spil, föndur, útivera, legó o.s.frv. Vikulega dagskráin er svo reglulega brotin upp með skemmtilegum viðburðum eins og til dæmis bíó, íþróttadegi, dag erlends uppruna, teiknimyndarsmiðju, bakstur, vettvangsferðum o.fl. Í 3.-4. bekk er ekki valtafla og er lögð meiri áhersla á frjálst val ásamt hópastörfum. Frjálsa valið hjá 3.-4. bekk gefur barninu þann kost á að velja þann stað sem hann/hún/hán vill óháð valtöflu, líkt og er í félagsmiðstöðvum. Í vetur verður einnig í boði hópastörf fyrir 1.-4. bekk. Þar munu þau skrá sig í ákveðið hópastarf sem þau fara í 1-2x í viku á meðan frístund stendur. Á venjulegum dögum verða viðfangsefnin á óformlegum nótum og börnin geta valið og flakkað á milli viðfangsefna að vild.



Valtafla

Fræðilegur bakrunnur

Í Álfhól leggjum við áherslu á að öll börn, óðháð kyni, stétt, menningu, trú eða uppruna, hafi jöfn tækifæri til að vaxa og dafna í frístundastarfinu.

Stutt er við óformlegt nám líkt og kenningar eftir til að mynda John Dewey um reynslunám. Hugtakið reynslunám gefur til kynna að gæði upplifunar segir til um mikilvægi lærdómsins. Börnin læra í gegnum upplifun og ígrundun. Einnig er stutt við kenningar líkt og fjölgreinda kenninguna eftir Howard Gardner þar sem hann skilgreinir greindir í átta mismunandi flokka, jafnvel fleiri. Þar sem hann segir að allir búi yfir öllum þessum greindum en þó í mismiklum mæli. Málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og umhverfisgreind. Með þetta í huga er reynt að mæta ólíkum þörfum og ólíkum greindum með mismunandi aðferðum og nálgunum.

Starfsmenn

Starfsmenn eru hvattir til þess að koma með hugmyndir og taka ábyrgð á verkefnum líkt og hópum og smiðjum sem þau hafa áhuga á að hafa fyrir börnin. Börnin velja sér svo klúbba eftir áhugasviði, dæmi um klúbba er til að mynda vísinda-, íþrótta-, lista-, fréttablaða-, spila, dans-, söng- klúbb, og Leiklistarklúbb eða eitthvað álíka. Mikilvægt er að starfið sé fjölbreytt til að reyna mæta fjölbreytileika barnanna.

Starfsmenn leiðbeina börnunum í samskiptum, virkja þau í leik og starfi, auka sjálfstæði þeirra ásamt því að vera meðvituð um að auka ábyrgðartilfinningu þeirra og styrkja félagsfærni þeirra. Þeir passa jafnframt öryggi barnanna og uppá að þeim líði vel í frístund. Starfsmenn þurfa að geta speglað jákvæða sjálfsmynd og sýnt umhyggju. Góð félagsfærni er einnig mikilvæg færni sem starfsmenn þurfa að hafa. Einnig er lögð áhersla á að starfsmenn taki virkan þátt í starfinu með börnunum. Í Álfhól er lögð áhersla á lýðræði og er mikilvægt að hlustað sé á börnin, hvað þau vilja gera og hvernig þau vilja hafa starfið því þetta er þeirra starf þar sem þeim á að líða vel, við getum til að mynda gefið þeim val á síðdegishressingu, stofnað málefnaþópa, leyft þeim að skipuleggja viðburði og fleira.

## Síðdegiskaffi

Síðdegiskaffi í Álfhól fer fram á bilinu 13:20 til 14:20. Nemendur sem eru í Álfhól á þeim tíma greiða gjald fyrir hressingu. Lagt er mikið upp úr því að hressingin sé holl og góð en einu sinni í mánuði, eða síðasta föstudag hvers mánaðar gerum við vel við okkur og bjóðum upp á íspinna/frostpinna í tilefni afmælisbarnanna í þeim mánuð. Á þeim dögum verða nöfn afmælisbarnanna lesin upp og sungið fyrir þau.

## Foreldrasamstarf

Gott foreldrasamstarf er lykilinn að góðu og faglegu frístundastarfi. Við leggjum áherslu á upplýsingaflæði til foreldra ásamt jákvæðum samskiptum á milli starfsmanna og foreldra. Stofnaður var lokaður Facebook hópur með foreldrum þar sem allskonar upplýsingar koma fram, ásamt því að sendur er reglulega póstur á foreldra. Á hverjum föstudegi er sent vikupóstur á foreldra þar sem farið er yfir síðastliðna viku.

Þegar slys og veikindi eiga sér stað er alltaf hringt í foreldra og þeim gefið upplýsingar um hvað gerðist yfir daginn. Foreldrar eru einnig ávallt velkomnir í spjall.

## Skólabragur/reglur

Álfhóll er staður fyrir börn, þar sem þau ættu að finna fyrir öryggi og hafa gaman af því að vera í frístund. Megingildi Álfhólsskóla/Álfhól er menntun – sjálfstæði – ánægja. Stuðlað er að skapandi starfi með fjölbreyttum aðferðum sem mætir ólíkum þörfum. Lögð er áhersla á að börnin sýni sjálfstæði, frumkvæði, ábyrgð og setji sér raunhæf markmið. Lögð er áhersla á jákvæðan skólabrag sem einkennist af lýðræði, góðu samstarfi við skóla og foreldra, góðri liðsheild, samvinnu, virðingu, samskipti, öryggi, ánægju, leik, vellíðan og fjölbreyttu starfi. Reglur í Álfhóli endurspeglar þessar áherslur:

- Við sitjum við borðið meðan við borðum
- Við hendum ekki mat í hvort annað eða á gólfið í nesti
- Við göngum frá eftir okkur
- Við hendum afgangum í réttar tunnur eftir nesti
- Við förum ekki út fyrr en við höfum leyfi til úr matartíma
- Við erum inná skólalóðinni í útiveru
- Við erum öll vinir og leikum öll saman
- Við beitum ekki ofbeldi

- Við þössum uppá hvort annað
- Við hengjum upp fötin okkar á merkta snaga
- Við tölum fallega saman
- Við göngum frá töskum uppí hillu
- Við löbbum inni
- Við sýnum hvort öðru virðingu
- Við hjálpum hvort öðru

Ef brotið er á reglum er rætt við viðkomandi börn og ef þörf er á haft samband við foreldra/forráðamenn. Tekið er til frekari aðgerða ef barn brýtur reglur síendurtekið.

## Einelti

Í Álfhól er einelti og annað ofbeldi ekki liðið og ef grunur er um einelti verður fylgt verklagsverkum Kópavogsbæjar sem byggja á barnaverndarlögum nr. 80/2002. Álfhóll er hluti af skólastarfi Álfhólsskóla og fylgir því sömu áætlun. Eineltisáætlunin er hluti af skólamenningaráætlun skólans, **Öll Sem Eitt (ÖSE)**. Finna má áætlunina inná heimasíðu Álfhólsskóla ásamt aðgerðaráætlun, eyðublaði og myndrænu ferli eineltismála. Álfhólsskóli vinnur einnig með *Vínáttu – Fri for mobberi*, sem er forvarnarverkefni sem byggist á rannsóknum um einelti og þeirri sýn að einelti sé menningarlegt, samskiptalegt og félagslegt mein en ekki einstaklingsbundinn vandi og er því lögð áhersla á að vinna með hópinn í heild og að byggja upp góðan skólabrag og menningu.

## Innra mat

Í Álfhól er reglulega vegið og metið hvað gengur vel og hvað þarf að bæta. Tekið eru regluleg starfsþróunarviðtöl við starfsfólk þar sem starfsfólk hefur tækifæri á að koma sínum skoðunum og tillögum til skila, bæði um starfið, starfsandann og/eða stjórnun. ásamt því að fá að heyra frá yfirmanni hvað þau sjálf hafa verið að gera gott og hvort það þurfi að bæta sig.

Foreldrum er bent á að ef þau hafa einhverjar athugasemdir eða tillögur fyrir okkur er þeim velkomið að hringja, senda tölvupóst eða kíkja á okkur á skrifstofunni.

Spurt er börnin reglulega hvað þau vilja gera og hvort það sé eitthvað sem þau vilja að við gerum betur og hvernig þeim líður í starfinu. Planið er að stofna barnaráð bráðlega.

## Barnaráð

Í barnaráði sem verður stofnað á næstunni verður lögð áhersla á að valdefla börnin og gefa þeim tækifæri og tól til að koma að skipulagi starfsins. Með þessu er tryggt að starfsemin takið mið af

sjónarhorni barnanna og að þeirra hagsmunir séu ávallt í fyrirrúmi. Settur verður einnig upp hugmyndakassi þar sem börnin geta skrifað eða teiknað hugmyndir sínar upp eða fengið aðstoð frá starfsmanni og sett í kassann sem verða svo tekin fyrir á barnaráðsfundum. Einnig hvetjum við foreldra til að ræða við börnin sín um þeirra skoðanir á starfinu og hvort það sé eitthvað sem hægt er að gera betur og koma því til skila til Álfhóls. Með þessu er verið að þjálfa gagnrýna hugsun og hvetja börnin til samfélagsþátttöku.

## Öryggi og verkferlar

Í Álfhól er öryggi barnanna í fyrirrúmi. Sjúkrakassi er inná skrifstofu Álfhóls þar sem finna má helstu nauðsynjar, s.s. plástrar, grísur, sárahreinsi og fleira. Kælipokar eru geymdir inní ísskáp. Farið er yfir sjúkrakassa mánaðarlega og keypt inn það sem vantar. Allir starfsmenn vita hvar sjúkrakassinn er.

### 1. Fyrirkomulag inn- og útskráning barna

Á hverjum degi er einn starfsmaður í 1. og 2. bekk og annar í 3. og 4. bekk sem er settur á lista og síma. Þeir aðilar skrá börnin inn í frístund þegar þau mæta, hringja í foreldra ef börnin mæta ekki eða ef aðrar upplýsingar þurfa að komast til foreldra og skrá börnin út úr frístund þegar börnin eru sótt, fara í rútuna eða á æfingu. Foreldrar geta einnig hringt í þann síma í 8636819.

### 2. Barn mætir ekki

Ef barn mætir ekki í frístund er fyrst athugað hvort barnið hafi mætt í skólann fyrr um daginn eða hvort skýring er á fjarveru þess. Ef engin skýring fæst er haft samband við foreldra og hafin leit.

### 3. Barn týnist

Í fyrstu er athugað hvort barnið finnst á skólalóðinni ef leitin ber engan árangur er hringt í foreldra barnsins og athugað hvort barnið hafi farið heim eða til vina. Ef svo er ekki er haft samband við lögreglu í samráði við foreldra barnsins.

### 4. Á ferð með börnum

Öll börn eru klædd í endurskinsvesti þegar farið er í ferðir. A.m.k. eru alltaf tveir starfsmenn með hópnum. Þriðji starfsmaður bætist við ef fjöldinn fer fram yfir 15 börn og fjórði ef fjöldinn fer yfir 30 o.s.frv. Börnin mynda tvöfalda röð þar sem þau leiða einn vin á leiðinni. Einn starfsmaður labbar fyrir framan röðina, annar rekur lestina aftast og þriðji, fjórði o.s.frv. fara í miðjuna. Þegar gengið er yfir gangbraut fara tveir starfsmenn út á gangbraut á sitthvorn vegahelming og passa að bílarnir eru stopp og hleypa því næst öllum börnunum yfir sem labba öll saman.

## 5. Að fara í íþróttarútu

Starfsmaður sem fer í rútuna með börnunum safnar þeim saman sem eiga að fara á æfingu um 15 mínútum fyrir brottför. Hann passar að allir séu viðstaddir á stoppistöðinni og fylgir þeim svo í rútunni alla leið. Hann sér til þess að börnin sitji með sætisbeltin spennt og hlýði almennum reglum rútunnar. Starfsmaðurinn skráir börnin inní rútuna og út úr rútunni.

## 6. Alvarleg slys

Ef um alvarlegt slys er að ræða er hringt um leið á sjúkrabíl. Einn starfsmaður sér um að huga að barninu og annar hringir í neyðarlínuna. Annað starfsfólk hlúir að öðrum börnum og hringir í foreldra barnsins.

## 7. Smávægilegir áverkar

Minniháttar meiðsli eru vanalega meðhöndluð með plástrum og kælipokum. Ef um stærri sár er að ræða er búið um sárin eins og starfsfólk veit best og hringt í foreldra og næstu skref tekin í samráði við þau.

## 8. Viðbrögð við vá

Ef upp kemur vá er öryggisteymi skólans tafarlaust kallað saman skólastjóra til ráðgjafar og aðstoðar.

## Listi yfir frístundaleiðbeinendur

Alexander Þór Gunnarsson - frístundaleiðbeinandi

Andri Þór Helgason - aðstoðarforstöðumaður

Ástþór Örn Sigurðsson - stuðningsfulltrúi

Baldur Haraldsson - frístundaleiðbeinandi

Dagný Birta Dan Ólafsdóttir - stuðningsfulltrúi

Eyrún Ósk Harðardóttir - stuðningsfulltrúi

Oliver Funi Hreiðarsson - frístundaleiðbeinandi

Gabriela Sveinsdóttir - frístundaleiðbeinandi

Jasna Bokan - stuðningsfulltrúi

Júnía Líf Sigurjónsdóttir - stuðningsfulltrúi

Karen Glóey Guðnadóttir – frístundaleiðbeinandi

Katrín Björg Hjálmarsdóttir - frístundaleiðbeinandi

Kjartan Logi Hreiðarsson – frístundaleiðbeinandi

Kolbrún Ýr Jóhannesdóttir – frístundaleiðbeinandi

Marta Anna Grączewska – stuðningsfulltrúi

Sigrún Harpa Þórisdóttir - frístundaleiðbeinandi

Sigurður Fannar Finnsson - frístundaleiðbeinandi

Una Birna Haukdal Ólafsdóttir - forstöðumaður

Viktoría Rós Antonsdóttir – frístundaleiðbeinandi

## Símentunaráætlun

Endurmenntun starfsmanna á sér stað á skipulagsdögum. Á skólaárinu 2022-2023 eru skipulagsdagarnir 17.nóvember og 15. mars.

Skyndihjálpanámskeið fer fram einu sinni á ári sem allt starfsfólk fer á.

## Aukin þjónusta

Sumardvöl er í boði fyrir verðandi nemendur 1.bekkjar tvær vikur í ágúst við upphaf skólaárs. Sérstök skráning er í gegnum Völu fyrir þennan tíma og vísast til gjaldskrár hverju sinni. Jafnframt eru í boði aukadagar um jól, páska og lok skólaárs fyrir nemendur í frístund.

## Skipulagsdagar

Álfhóll er opin alla daga sem grunnskólar eru starfandi. Á skipulags og samráðsdögum eru langir dagar þ.e.a.s. opið allan daginn frá kl. 08:00 til 17:00. Þó er Álfhóll með tvo starfsdaga, einn fyrir áramót og einn eftir, þá er frístund lokað. Skólaárið 2022 - 2023 eru skipulagsdagar Álfhóls 17. nóvember og 15. mars. Álfhóll er lokaður í vetrarfríum skólanna.

Yfirlit yfir langa og lokaða daga 2022-2023

|              |                           |
|--------------|---------------------------|
| 19. október  | Langur dagur              |
| 20. október  | Langur dagur              |
| 21. október  | Langur dagur              |
| 24. október  | Lokað-vetraleyfi          |
| 25. október  | Lokað-vetraleyfi          |
| 17.nóvember  | Lokað-skipulagsdagur      |
| 21. desember | Langur dagur              |
| 22.desember  | Langur dagur              |
| 23.desember  | Lokað-Þorláksmessa        |
| 26.desember  | Lokað-Annar í jólum       |
| 27. desember | Langur dagur              |
| 28.desember  | Langur dagur              |
| 29.desember  | Langur dagur              |
| 30.desember  | Langur dagur              |
| 2. janúar    | Lokað                     |
| 23. febrúar  | Lokað-vetraleyfi          |
| 24. febrúar  | Lokað-vetraleyfi          |
| 15.mars      | Lokað-skipulagsdagur      |
| 3.apríl      | Langur dagur              |
| 4. apríl     | Langur dagur              |
| 5.apríl      | Langur dagur              |
| 6.apríl      | Lokað-skírdagur           |
| 7. apríl     | Lokað-föstudagurinn langi |
| 10. apríl    | Lokað-annar í páskum      |
| 20.apríl     | Langur dagur              |
| 19.maí       | Langur dagur              |
| 1.maí        | Lokað-verkalýðsdagurinn   |
| 18.maí       | Lokað-uppstigningadagur   |
| 19.maí       | Langur dagur              |
| 29. maí      | Lokað-annar í hvítasunnu  |

